

Ábendingar sem fram komu frá íbúum til skrifstofu Grundarfjarðarbæjar um sparnað í rekstri eða til heilla fyrir starfsemi bæjarins:

Fiskvinnslufyrirtæki kaupa ekki fisk af smábátum

Hætta við Unglingalandsmótið

Virkja betur verslun og þjónustu á bæjarhátíðinni

Sendu sem fæsta bæjarfulltrúa til þess að taka þátt í fundum og ráðstefnum

Kaupa ekki blóm á opin svæði - hvetja íbúa til þess að setja blómaker fyrir framan lóðir

Slökkva á öðru hverju götuljósi eftir kl. 24.00

Bærinn á ekki að kaupa vinnu af aðilum sem eru með svarta vinnu á sínum snærum

Fara meira eftir stefnumörkun í Staðardagskrá 21 - minnka götulýsingu almennt

Lækka laun bæjarstarfsmanna

Minnka lýsingu á austurhlið íþróttahúss

Minnka lýsingu á æfingabraut Hesteigendafélagsins

Takmarka grasslátt á völdum svæðum

Takmarka lýsingu bæði innan og utan húss

Setja gras af slegnum svæðum inn undir limgerði og tré

Láta vinnuskólann ekki hreinsa illgresi - nota Casoron - láta börnin í staðinn læra að þekkja plöntur sem þarf að fjarlægja jafnt og þétt yfir sumarið svo sem Njóla, Krossfífil og Dúnurt

Veita félagasamtökum styrki gegn vinnuframlagi við að kynna umbótaverkefni fyrir bæjarbúum sem orsaka sparnað til lengri tíma - dæmi um verkefni:

- Fjölga grænum tunnum, fá greitt fyrir hverja tunnu
- Flytja trjáplöntur af væntanlegum byggingasvæðum til valinna staða til skjóls eða fegrunar, fá greitt fyrir hvert tré
- Útbúa vökvunarbrúsa fyrir blómaker bæjarins. Vökvun verður jafnari og sjaldnar þarf að vökva. Krónur á brúsa

Skilgreina störf sem geta verið færanleg á milli vinnustaða eða færa fólk á milli vinnustaða til þess að sinna verkefnum. Dæmi um verkefni:

- Ritstjórn og eftirlit með vefsíðu
- Skjalastjórnun
- Geymsluskrá
- Prófarkalestur
- Jólaskreytingar
- Námskeið og tilsögn þvert á stofnanir bæjarins, jafningjafræðsla
- Tölvuþjónusta, hugbúnaður
- Útivera eða heimsóknir á söfn í fjarveru kennara. Spurning um að leita til Vinahúss um slíkt

Ávinningur:

Starfshlutfall alltaf nýtt sem best

Nýir vendir sópa best. Nýr starfsmaður hleypir ferskum blæ inn í verkefni
Þekking færist til milli bæjarstarfsmanna og minni hætta á að hún glatist

Allir eru þessir punktar athyglisverðir og margir tiltölulega einfaldir í framkvæmd. Aðrir eru e.t.v. flóknari. Allir þessir punktar verða teknir til athugunar og aðgerða eftir því sem þeir falla að rekstri á stofnunum bæjarins. Öllum sem þátt tóku eru færðar þakkir fyrir fyrirhöfnina og áhugann fyrir málefnum bæjarfélagsins.